

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur



Dags eftirlits	21.5.2015	Fulltrúi UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Fulltrúi UST	
Heimili	Hamrahlíð 15 690 Vopnafjörður	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hilmar Jósefsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstur urðunarstaðarins er óbreyttur frá því sem verið hefur. Ekki eru staðfest frávik frá starfsleyfi því sem rann út árið 2002, en sé miðað við starfsleyfisdrög frá í janúar 2015 er ýmsu ábótavant, enda hefur ekki unnist tími til að aðlaga urðunarstaðinn þeim kröfum. Jarðvinna hvers konar er illfrámkvæmanleg á þessu landssvæði nema seinni part sumars.

UMFANG EFTIRLITS

Fundað var með forsvarsmanni rekstaraðila Hilmari Jósefssyni, þann 8.4.2015 og farið yfir tillögu að nýju starfsleyfi og þær breytingar sem gera þarf á aðbúnaði til að uppfyllt séu ákvæði þess, enda er undanþága ráðuneytis frá starfsleyfi háð því að farið sé eftir starfsleyfistillögunni.

Þann 21.5.2015 var fundað með sveitarstjórn um málefni úrgangs, en einnig gengið um urðunarstaðinn og reinar skoðaðar, einnig var ekið niður fyrir urðunarstaðinn til að skoða ummerki um fok og huga að vatnsrennsli frá staðnum.

Á fundum með forsvarsmönnum urðunarstaðarins var farið yfir tillögu að nýju starfsleyfi, en einnig rætt um reksturinn eins og hann er. Eftirfarandi kom m.a. fram:

- Enn er tekið við úrgangi frá Langanesbyggð til urðunar á staðnum. Athugasemdir hafa verið gerðar við að flokkun úrgangs er ekki eins ítarleg í Langanesbyggð og í Vopnafirði. Verði framhald á þjónustu við Langanesbyggð verður gerð krafa um úrbætur þar á.
- Ekki er búið að gera fráveituskurði skv. starfsleyfistillögunni né heldur staðsetja sýnatökubrunna í samræmi við kröfur í nýrri starfsleyfistillögu.
- Magntölur fyrir úrgang ársins 2014 hafa verið sendar til Umhverfisstofnunar.

Í skoðun á vettvangi kom eftirfarandi fram:

- Gámur fyrir brotamálm er staðsettur innan urðunarsvæðisins, þar sem svæðið er komið í rétta hæð. Málmum er safnað við gáminn og fært í hann til brottflutnings. Vel er tjaldað yfir gáminn með netum.
- Urðunarreinar eru tvær, annars vegar fyrir óvirkan úrgang og hins vegar fyrir heimilis- og framleiðsluúrgang.
- Fokefni hafa verið tínd upp nýlega og var staðurinn þokkalega hreinn. Nokkur hætta er á foki þar sem urðunarrein er höfð opin þá daga sem sorphirða fer fram og hún tekur nokkurn tíma. Fokefni var í skurði sunnan við urðunarstaðinn, þar sem erfitt er að komast að til upphreinsunar.
- Allmikið vatn rann í skurðum frá urðunarsvæðinu, bæði í skurði/læk sem rennur frá urðunarrein fyrir grófan úrgang og einnig í fráveituskurði sunnan við urðunarsvæðið.

ATHUGASEMDIR

Skilti vantaði við aðkomu að urðunarstaðnum og þarf að endurnýja.

ANNAÐ

Urðunarstaðurinn hefur verið rekinn á undanþágu frá starfsleyfi frá því að starfsleyfi rann úr þann 5.9.2012, fyrst skv. bréfi Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis dags. 25.9.2012 og síðan skv. bréfi ráðuneytis dags. 17.2.2015. Undanþágan er bundin því skilyrði að farið sé eftir ákvæðum í tillögu að starfsleyfi frá 22.1.2015 og gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út, þó ekki lengur en til 1.11.2015.

Í eftirlitinu var tekið mið af starfsleyfisdrögunum en jafnframt af eldra starfsleyfi sem rann úr ár árinu 2002 enda ekki búið að útbúa urðunarstaðinn skv. kröfum starfsleyfisdraganna.

Rétt þykir að minna á að umhverfismarkmið skulu lögð fram fyrir 1.10.2015, skv. grein 2.1 í starfsleyfisdrögunum.

Með bréfi dags. 14.6.2012 sendi rekstaraðili Umhverfisstofnun áhættumat vegna bráðamengunar og viðbragðs- og neyðaráætlun. Íhuga þarf hvort ástæða er til að endurskoða þessi gögn m.t.t. nýrra starfsleyfisdraga og aukins umfangs urðunar frá fyrra starfsleyfi.

Reykjavík, 12.07.2015



Helga Hreinsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.